## 42. Um blaðsölu barna.

5 blöð qto.

Leiðari Morgunblaðsins 23. þ.m. telur, að það sé börnum meiri „lífshættulegra" að renna sér á sleðum, en að selja blöð á götum úti. Barnaverndarnefnd hefir ekkert orð um það sagt, hvort „lífshættulegra" sé, en hún hefir þráfaldlega og frá öndverðu varað alvarlega við hvorutveggja og nú endurnýjað bann sitt við blaðasölunni, enda mun hún telja hana miklu „lífshættulegri".

Það skal nú lagt undir álit allra skynsamra bæjarbúa, góðra manna og þeirra, er óbundnir eru af hlutdrægnislegum hagsmunum af blaðasölunni, hvort „lífshættulegra" sé fyrir börnin, frá heilbrigðislegu sjónarmiði barnanna séð, en einkum þó andlegri og siðferðilegri velgengni þeirra í æsku og alla æfi. Höfuðatriðin í þessu máli eru, þessi: Sleðaferðirnar, og blaðasalan, og áhrif þeirra á heilsusamlega velferð barnsins annars vegar í báðum tilfellum og andlega velferð þeirra og siðferðilega, einkum hvað blaðasöluna áhrærir.

Börnin renna sér á sleðum, þar sem lítil hætta er á að þau verði fyrir meiðslum og þyrfti engin að vera ef hentugur staður væri til þessa fyrir þau, t.d. barnagarðar, leikvellir og götur, sem lítil umferð væri um, enda undir eftirliti lögreglunnar, sem sannanlega hefir gert sér mikið far um það hingað til og tekið leiðbeiningu nefndarinnar til greina um það að það væri gott og þeir staðir valdir betri fyrir börnin sem kostur er á. Til þessara sleðaferða velja börnin sér fáeinar stundir dagsins og hafa eigi til þessa komið fram neinar umkvartanir um að þau vanræki nám sitt eða skólagöngu vegna, að til vandræða hafi orðið fyrir þau eða heimili þeirra. Þau fá holla hreyfingu í útiloftinu, eru heit í höndum og fótum, betur klædd en venjulega og „skemmta sér vel".

Önnur börn stunda blaðasöluna, einna mest á allra hættulegasta umferðarsvæði bæjarins, krossgötunum Austurstræti og Pósthússtræti, þar sem öllu ægir saman. Þar standa þau, í hvaða veðri fólks- og bíla umferð úr öllum áttum.

sem er, klæðlítil, grá í gegn af kulda, krókloppin og skjálfandi með fáein blöð í höndunum sér, sem þau hafa verið að snópa eftir á afgreiðslustöðum blaðanna innan um fjölda annara barna, sem troðist hafa hvert innan um annað í einni þvögu, með háreisti, illu orðbragði og bolalangangi, svo að við meiðsl-um hefir legið.

Og nú eru þau komin í þessa „lífshættulausu" Paradís! Út á torgið eða götuhornin, hlaupa þau hvert í kapp við annað, þvert yfir göturnar og hrópa, gala og grenja: .... „blaðið... með frásögninni um morðingjann N.N., stórglæpamanninum N.N." (þá verandi ráðherra og báða alsaklausa menn) og annað „góðgæti" þessu líkt, sem þau segja sjálf – og sannast hefir, að blaða-afgreiðslumenn hafi lagt fyrir þau að segja, til þess að vekja athygli á „fagurfræði" þeirri, er blöð þeirra var þá að flytja. Að þetta hljómi vel eða þægilega í eyrum innlendra og erlendra vegfarenda er þeir heyra af vörum saklausra barna og unglinga, sem ýmist eru ólæs á það sem í blöðunum stendur eða engan tíma hafa haft til að kynna sér það, en farið eftir fyrirmælum annara um það hvað þau skyldi segja –, það legg ég undir dóm allra góðra manna að segja til um, hvort það er lífshættulaust fyrir þessa unglinga og framtíð þeirra, andlega og siðferðilega.

Þessu starfi, sem hinir fullorðnu fela börnum sínum að rækja, fylgir svo það, að önnur eldri börn hnimmstast aftan að þeim, rífa af þeim blöðin fleygja þeim í svaðið og stela af þeim, þeim fáu aurum, sem þau hafa á milli handa og börn þau, er orðið hafa fyrir því lítilmannlega bitsifjum leiksystkyna sinna standa kjökrandi á götunni, sár og niðurbeygð eftir meðferðina í sér og vegna meðbræðra og systra.

Því fylgir og starfi þessu, að börnin venjast á frekjulega framkomu og framtaksskap, í miður ráðvandleg viðskifti og stelsýki. Fyrir öllu þessu eru fjöldi sannana fyrir hendi í skýrslum lögreglu, sakadómara og fræðslunefndarinnar, þótt vitanlega séu margar undantekningar frá þessu, en þeim fer, því miður,

fækkandi með ári hverju.

Enn er eitt hið örlagaþyngsta atriðið ótalið, er starfi þessu fylgir: Vegna blaðasölunnar liggja mörg heimili við upplausn, sökum vanrækslu barnanna í því, að sækja skólann; þau verða að hlusta á skammahyllkið föður síns, og skerrjálminn móður sína, auk ákúrustraumunum frá kennara sínum og skólastjóra fyrir það eitt að þeir hafi viljað halda barni þeirra til þess að sækja nám sitt og skóla og með því að vilja framfylgja settum lögum og reglum um fræðslu þess og nám með kostgæfni. Barnið stundar blaðasölu sína með þeim ókostum, er henni fylgja og áður er lýst og saman dregið eru; það fer einnig á mis við holla leiki, sem því eru lífsnauðsynlegir og holla hreyfingu inni og úti við, m. annars þá —, að nema sér á sleðum. —

Hvaða tryggingu hafa foreldrarnir fyrir því, að börnin steli ekki öðru því mikla fé, sem svo mjög er um talað, að börnin fari á mis við með því að sinna þau blaðasölunni og leggja barn við henni, eða að þau noti sölulaun sín til annars en til sælgætiskaupa, fyrir bíómiða eða til bílferða að nauðsynjalausu og á þann veg komist út á þá hálubraut, að stela, segja ósatt og svíkja? Gera blaðsölumennirnir sjálfir nokkra grein fyrir viðskiftum sínum við þessa ungu þjóna sína? Hafa þeir þá alla njóta jafnréttis og sömu kjara, án þess að fé flétta þá með misþeir þá alla njóta jafnréttis og sömu kjara, án þess að fé flétta þá með mis- munandi tapa á sölulaununum? Hvað segir reynslan um þetta? Enn ekki allt að „50 króna verðlaunin“, sem í boði eru, nóg bending um það, að nærri mögu barnanna sé gengið með kappgirni þess og hamhleypu brögð til þess að stinga, sér í aura á kostnað annara barna, sem minna bera úr býtum, þótt fyrirhöfn in sé hin sama. Er þetta eigi svívirðileg tilraun til þess að fletta barnið og fylla það harðsleyttlegri samkeppni um einhver ímynduð „gæði“; sem þau eru síðan o. s. v. svikin um? Er ekki frá lítra blaða og frágangur svo sem þau eru síðan o. s. v. svikin um? Er efni þeirra blaða og frágangur svo lélegur, að taka þurfi til þeirra ráða til þess að koma þeim til almennings, að nota þurfi vesalings börnin til þess að pranga þeim út? Þetta mætti segja mér. Enn er

sá þarðómur fyrir foreldrana svo mikils virði að lífvænandi sé, að meina börnum þeirra að læra eitthvað annað þarfara en að þerja sig út í því að útbreiða allan þann þvætting sem landshornamenn og langförulir flakingar þykjast þurfa að koma frá sér? Þeir ætti sjálfir að vera „í umferð" til því líkrar iðju.

Sé því nú jafnað saman og það sett hlið við hlið, hvort „lífshættan" sé meiri fyrir börnin, að venja sér á sleðum þar sem lítil hætta er fyrir hendi fyrir þau að iðka þá leiki sína og „skemmta sér vel" ~~að hitt~~, að jafnvel þótt þau o.s.v. kynnu að skrámá sig eitthvað í höndum eða fótum, ~~eða hitt~~ hin andlegu meiðsl, er þau hljóta vegna blaðasölunnar er varð orsök þess og undirstaða til þess, að þau vöndust á að segja ósatt, stela og ljúga, fyrir atbeina foreldra þeirra og þess, að barnið var látið venjast þessu, með stuðningi leiðara Morgunblaðsins, meðmælum þess og hvatningarorðum þeim, er ónéitanlega eru til þessa ætluð og þess, að reyna að koma inn hjá þeim mótþróa gegn þeim mönnum, er leitast vilja við að leiðbeina þeim, og firra þau yfirvofandi hættu, er þau eru undirseld alla sína lífstíð og eiga að at búa — þá fer nú skörin að færast upp í bekkinn og harðla lítils árangurs að vænta um þolanlega breytingu til batnaðar um sómilegt uppeldi þeirra.

Þegar svo er lágt lagst, að blað það, er heiðvirt vilja heita, grípa til þeirra ráða fyrir nokkurra aura hagnað í kostnað um komu lítilla barna, að bera fram ósannar staðhæfingar, dylgjur og aðdróttanir, sem vitanlega er logið að reka ofan í þau jafnharðan, þá vil ég spyrja, hvort „von" sú er alþjóð manna hefir gert sér um endurbætur, heiðarlega starfsemi og hollar leiðbeiningar frá þeirra hendi hafi rætst, frekar en sú „von" er leiðari Morgunblaðsins er að dylgja með að borin hafi verið og borin sé til barnaverndarnefnda annarstaðar úti í heimi og einnig hér, sem vitanlega er beint að Barnaverndarnefnd Reykjavíkur.

Þeim, sem láta galandi hrópyrði barnanna og gott þeirra allt við blaða-sölu sína hljóma vel í eyrum sínum og telja það hina heppilegustu

leið fyrir hina uppvaxandi æsku og upprennandi kynslóð hinnar ísl. þjóðar,
þeim vil ég benda á málsháttinn: „Þar eru eyrun samt sem uxu".
Þeim hafa e.t.v. ~~verið~~ sjálfum illa orðið til um sitt eigið uppeldi, em illa innrættir
hrokafullir og hárreistir sjálfbyrgingar, en þeir mega ekki vanta þess, að
þeir vinni neinum þægt verk með því að leggjast á saklaus börnin
með því að nota ~~vitan~~ vit sitt og þekkingu - þótt lítil sé - til þess að af-
vegaleiða þau og lokka þau út á brautir lasta og lífsófarnaðar.
Ég öfunda þessa vesalinga, alls ekki heldur vorkenni þeim, því þeir vita ekki
hvað þeir gjöra". Ábyrgð þeirra hlýtur að verða þeim þung í skauti; ef þeir
hafa þá svo mikinn manndóm í sér, að geta nokkra ábyrgð á sig tekið. Það
haggar að engu viðleitni minni eða barnaverndarinnar til þess að reyna að
leiðbeina börnunum og hjálpa þeim, þótt einhverjir þeir er mest tala
um Ólaf konung þótt aldrei hafi þeir séð hann, gangi í lið með þeim, er
mesta ánægju hafa af því og þjóna lund sinni með láttausum áróðum og il-
kvittni í þeirra manna garð, er annaðhvort eru að gegna lögboðnum störfum
sínum eða gjöra það af innri hvöt.